

# Upplýsingafundur rektors
# 20. febrúar 2024

Jón Atli Benediktsson, rektor



# Yfirlit

1. Nokkrir nýliðnir viðburðir
2. Fjármál
3. Málefni erlendra nemenda
4. Stefnu- og gæðamál
5. Mannauðsmál
6. Árangur í vísindum
7. Frá fræðasviðunum
8. Fram undan

# 1. Nokkrir nýliðnir viðburðir




HÍ
Veiting árlegrar viðurkenningar til starfsfólks
á síðasta upplýsingafundi rektors 28. nóv. sl.




Hátíð brautskráðra doktora 2. desember sl.


HÍ
Júlíus Sólnes, prófessor emeritus og fyrrv. ráðherra, sæmdur Fálkaorðunni á nýársdag




Jón Emil Guðmundsson, lektor í stjarneðlisfræði við Raunvísinda-deild, hlaut hvatningarverðlaun Rannsóknasjóðs 2025


Akkerisfundur haldinn 29. jan.

NÁM VÍSINDASTARF SAMSTARF HÁSKÓLINN




Hlusta

„Í tilefni menningarborgarhátíðarinnar í dag ætlar Háskóli Íslands að opna vef á Netinu um vísindi. Markmið vefjarins er að efla áhuga og þekkingu á vísindum og fræðum í landinu.“ Svona hófst frétt sem birtist í dagblaðinu Degi þann 29. janúar árið 2000. Þess frétt um upphaf Vísindavefsins lét ekki mikið yfir sér frekar en vefurinn þá en hann hefur vaxið gríðarlega síðan og er í dag, á 25 ára afmælinu, einn vinsælasti vefur landsins sem nýtur mikils trausts í samfélaginu.

Vefurinn var hugarfóstur Þorsteins Vilhjálmssonar, prófessors emeritus í eðlisfræði sem var fyrsti ritstjóri vefsins, og eins og kemur fram í fréttinni í Degi var vefurinn framlag Háskóla Íslands í tilefni þess að Reykjavík var menningarborg Evrópu árið 2000.

„Þá kviknaði sú hugmynd að bjóða almenningi að spyrja spurninga um hvaðeina sem tengdist vísindum og fá fræðimenn innan HÍ til að svara. Í fyrstu var talið að þetta yrðu kannski ein til tvær spurningar á viku sem yrði svarað í tölvupósti enda voru vefsíður tiltölulega nýtt fyrirbæri á þessum tíma. En það var ákveðið að opna vef og fljótlega kom í ljós að vinsældir hans urðu miklu meiri en nokkur gat ímyndað sér. Enda er Vísindavefurinn núna 25 ára!“ segir Jón Gunnar Þorsteinsson, ritstjóri vefsins.




# Vísindavefur Háskóla Íslands 25 ára 29. jan.




Valdimar Sveinsson, læknanemi, hlaut
Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands 30. jan.


HÍ
Katrín Jakobsdóttir, fv. forsætisráðherra og fulltrúi í háskólaráði,
er nýr stjórnarformaður Fasteigna Háskóla Íslands ehf.


HÍ
Stuðningur við frumkvöðla
• Námskeið
• Verkefni
• Aðstaða
• Ráðgjöf
• Hugverk og sprotafyrirtæki
Atvinnudagar Háskóla Íslands 3.-7. feb.


HÍ
HÍ og heimsmarkmiðin 5. feb.


HÍ
UT-messan í Hörpu 7.-8. feb.


HÍ
Jafnréttisdagar 10.-13. feb.
Social justice and Inclusion!


HÍ
Forseti Íslands skoðar Vigdísarsýninguna 11. feb.


Fruman opnuð 12. feb.

# 2. Fjármál



- Skipting fjárveitingar 2025
- 500 m.kr. aukafjárveiting til háskólastigsins?
- Kallað eftir tillögum frá opinberum stofnunum um leiðir til hagræðingar
- Kjarasamningar
- Framlagningu frumvarps um skólagjöld fyrir nemendur frá löndum utan EES frestað

# Fjöldi ársnema (ÞE) í deililíkani hvers árs (ath. u.þ.b. eins árs töf)



# Þróun fjölda akademískra ársverka




| | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 | 2023 | 2024 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| FVS | 90 | 91 | 96 | 99 | 106 | 108 | 110 | 115 | 115 | 112 | 111 | 110 | 113 | 117 | 112 |
| HVS | 117 | 120 | 121 | 120 | 124 | 126 | 131 | 132 | 134 | 134 | 134 | 143 | 143 | 155 | 154 |
| HUG | 79 | 79 | 84 | 85 | 88 | 89 | 88 | 88 | 84 | 87 | 87 | 89 | 88 | 87 | 86 |
| MVS | 115 | 109 | 109 | 106 | 103 | 104 | 104 | 104 | 103 | 102 | 106 | 111 | 113 | 108 | 116 |
| VoN | 98 | 99 | 99 | 98 | 105 | 118 | 122 | 124 | 122 | 120 | 118 | 119 | 120 | 118 | 116 |

# Breyting akademískra ársverka akademísks starfsfólks m.v. árið 2010



# Ársverk nemenda / kennara



# Þróun heildartekna HÍ á ársnema (verðlag 2024. Leiðrétt fyrir vaxtaframlagi FHÍ og Raunvísindastofnun)





# 3. Málefni erlendra nemenda

- Samtals 2.177 erlendir nemendur við HÍ
- Frá 114 þjóðlöndum

# Þróun fjölda erlendra nemenda við HÍ frá árinu 2000



# Fjöldi umsókna og skráninga nemenda frá löndum utan EES-svæðisins







Stjórnarráð Íslands
Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið



# 4. Stefnu- og gæðamál

# Akkerisfundur í janúar 2025



Allar kynningar á Uglu
Háskólinn > Stefna Háskóla Íslands > Innleiðing HÍ26 > Akkerisfundur HÍ26

# Dagskrá Akkerisfundar HÍ26 2025

Kaffi og morgunhressing í boði frá 08:30

09:00 Fundur settur

Katrín Frímannsdóttir, stefnu- og gæðastjóri

09:05 **Staða innleiðingar HÍ26**

Jón Atli Benediktsson, rektor

09:20 Verkefnastofnar HÍ26 (stefnustraumur 1) (40 mín)

**Samstarf við samfélag og margvíslegar leiðir til miðlunar**
Jón Örn Guðbjartsson, ábyrgðaraðili samfélagsstofns

**Notendamiðuð stafræn þjónusta – Þjónustumiðja**
Sæunn Stefánsdóttir, ábyrgðaraðili notendamiðaðrar þjónustu

**Alþjóðastofn, alþjóðlegt samstarf um kennslu**
Friðrika Harðardóttir, ábyrgðaraðili alþjóðastofns

**Samfélagsleg nýsköpun, framfarir og starfshæfni nemenda**
Oddur Sturluson, ábyrgðaraðili nýsköpunarstofns

**Kennslustofn, aukin gæði hæfniviðmiða með aðstoð gervigreindar** Védís Grönvold, kennslustjóri Menntavísindasviðs

10:00 Umræður (20 mín)

Jón Atli Benediktsson og Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektor kennslumála og þróunar

10:20 Kaffihlé (15 mín)

10:35 **HÍ26 og hagsmunir nemenda** (10 mín)

Arent Orri J. Claessen, forseti Stúdentaráðs

10:45 HÍ26 á fræðasviðum (stefnustraumur 2) (40 mín)

**Breytt samfélag – breyttur háskóli. Ný tækifæri í hugvísindum**
Ólöf Garðarsdóttir, forseti Hugvísindasviðs

**Þróun tækniþjónustu á Verkfræði- og náttúruvísindasviði** (8 mín)
Sigurður M. Garðarsson, forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs

**HÍ26 stefnuaðgerðir á Heilbrigðisvísindasviði**
Unnur Anna Valdimarsdóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs

**Ávinningur og lærdómur á innleiðingu stefnu HÍ26 á Menntavísindasviði**
Kolbrún Þ. Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs

**HÍ26 á Félagsvísindasviði**
Stefán Hrafn Jónsson, forseti Félagsvísindasviðs

11:25 Umræður og lokaorð (20 mín)

Jón Atli Benediktsson og Steinunn Gestsdóttir

Fundarstjóri: Katrín Frímannsdóttir, stefnu- og gæðastjóri

## Þriðja lota rammaáætlunar Gæðamats háskóla (QEF3). Niðurstöðum reglulegs mats skilað á þremur þrepum:

**1. Greinargerð um niðurstöður reglulegs mats:** Fræðasvið, deildir eða aðrar starfseiningar skv. ákvörðun viðkomandi fræðasviðs. Svið sameiginlegarar stjórnsýslu, aðrar starfseiningar skv. ákvörðun viðkomandi stjórnsýslusviðs

**2. Greinagerð um reglulega endurskoðun námsleiðar:** Allar námsleiðir, í samræmi við áætlun fræðasviðs

**3. Sjálfsmatsskýrsla stofnunar/HÍ:** Vorið 2026



# 5. Mannauðsmál

- Breytt starfsheiti akademískra starfsmanna – í vinnslu
- Breytingar á reglum um ótímabundna ráðningu og framgang akademísks starfsfólks – í vinnslu
- Endurskoðun mötuneytismála – í vinnslu
- Breytingar á skipulagi stjórnsýslu

## Tillaga að breyttum starfsheitum (störf sem ráðið er í á grundvelli hæfnisdóms)

- Starfsheitin sérfræðingur, fræðimaður og vísindamaður eru óheppileg og hafa of almenna skírskotun í tungumálinu
- Enskar þýðingar þeirra vísa til almennra hugtaka og eru ekki í samræmi við þá starfsheitanotkun sem þekkist í háskólum í kringum okkur
- Tillaga: Þessi starfsheiti verði lögð af og í stað þeirra komi starfsheitin **rannsóknalektor, rannsóknadósent og rannsóknaprófessor**
- Einnig er lagt til: Starfsheitið **rannsakandi** komi í stað starfsheitanna rannsóknamaður 3 og 4 og starfsheitið **aðstoðarrannsakandi** komi í stað starfheitanna rannsóknamaður 1 og 2
- Loks er lagt er til: Starfsheitið rannsóknasérfræðingur verði lagt af og starfsheitið **rannsakandi** notað í staðinn

# Breytt starfsheiti

| Núverandi starfsheiti | | Tillögur að nýjum starfsheitum | |
|---|---|---|---|
| Sérfræðingur | Research Specialist | Rannsóknalektor | Assistant Research Professor |
| Fræðimaður | Research Scholar | Rannsóknadósent | Associate Research Professor |
| Vísindamaður | Research Scientist | Rannsóknaprófessor | Research Professor |
| | | | |
| Rannsóknasérfræðingur | Research Specialist | Verði lagt niður | - |
| Rannsóknamaður 3-4 | Researcher | Rannsakandi | Researcher |
| Rannsóknamaður 1-2 | Assistant | Aðstoðarrannsakandi | Research assistant |

## Reglur um ótímabundna ráðningu akademísks starfsfólks við HÍ, nr. 1301/2020

- Við breytingar á reglunum sem tóku gildi 1. feb. 2021 var fellt brott ákvæði um lágmarksfjölda stiga úr sérstökum flokkum matskerfis opinberra háskóla (aflstig)
- Áður hafði verið gerð krafa um 40 aflstig fyrir lektora, dósenta og prófessora og 50 fyrir sérfræðinga, fræðimenn og vísindamenn
- Áhersla lögð á heildstætt mat á fjölbreyttum störfum akademískra starfsmanna; kennslu, rannsóknum, stjórnun og þjónustu við samfélag

# Lágmarksskilyrði sett inn aftur (2. gr.)

- Kennsluskyldu hafi verið fullnægt
- Umsækjandi hafi tekið þátt í stjórnun eða mikilvægum umbótaverkefnum á vegum deildar eða fræðasviðs
- Umsækjandi hafi frá upphafi ráðningar hlotið a.m.k. 40 stig úr völdum flokkum matskerfisins (aflstig) vegna rannsókna (m.v. fullt starf)
- Heimilt er að víkja frá kröfu um lágmarksfjölda aflstiga ef viðkomandi hefur fengið veglegan styrk úr samkeppnissjóði eða hefur birt ritverk sem leiðandi höfundur á alþjóðlegum vettvangi sem gerir sérstaklega strangar vísindalegar kröfur (s.s. ritverk sem gefin eru út á 10% áhrifamesta birtingarvettvangi viðkomandi fræðasviðs)

## Endurskoðun skipulags stjórnsýslu og stoðþjónustu HÍ

- Á síðustu misserum hefur farið fram úttekt á stjórnsýslu og stoðþjónustu HÍ
- Markmiðið er m.a. að auka samstarf á milli sameiginlegrar stjórnsýslu og stjórnsýslu fræðsviða, auka skilvirkni, draga úr álagi og nútímavæða og bæta þjónustu
- M.a. hefur verið sett á laggirnar nýtt þróunarsvið. Meginverkefni þess er fyrst í stað að þróa og innleiða notendamiðaða þjónustu við nemendur, starfsfólk og aðra hagsmunaaðila
- Auk þess heyrir m.a. þjónustuborð á Háskólatorgi og starfsemi Loftskeytastöðvarinnar undir þróunarsvið
- Sviðsstjóri þróunarsviðs er Sæunn Stefánsdóttir

- Launadeild hefur flust frá fjármálasviði til mannauðssviðs
- Vísindavefurinn og kvikmynda- og streymisdeild hafa flust til markaðs- og samskiptasviðs
- Rektorsskrifstofa 'kjarnar sig' og hafa jafnréttisfulltrúar færst til mannauðssviðs og Miðstöð framhaldsnáms til kennslusviðs. Á skrifstofunni verður áfram lögfræðiþjónusta og skjalasafn
- Unnið er að því að samþætta miðlæga þjónustu og þjónustu á fræðasviðunum á svið markaðs- og samskiptamála annars vegar og mannauðsmála hins vegar



- Nýtt útboð þjónustu við bílastæði er að hefjast
- Í undirbúningi er að bjóða starfsfólki upp á samgöngustyrk í formi niðurgreiddra strætókorta

# Náman – nýtt skjala- og hópvinnukerfi

- Innleiðing á nýju skjala- og hópvinnukerfi hefst á næstu vikum
- Skrifstofa rektors mun fyrst taka kerfið í notkun en næst í röðinni eru mannauðssvið, vísinda- og nýsköpunarsvið og Heilbrigðisvísindasvið
- Í framhaldinu munu aðrar einingar taka kerfið í notkun hver á fætur annarri



# Náman – nýtt skjala- og hópvinnukerfi (frh.)

- Nýja Náman mun:
  - stuðla að aukinni samvinnu, yfirsýn og aðgengi starfsfólks að upplýsingum
  - tryggja samræmt verklag við vistun skjala og upplýsinga innan skólans
  - bæta skilvirkni og gæði ákvarðanatöku
  - auka öryggi skjala og upplýsinga
  - styðja starfsfólk við hlítingu laga og reglna sem gilda um starfsemi skólans

# 6. Árangur í vísindum



HÍ

# Fjöldi birtinga HÍ í alþjóðlegum gagnagrunnum 2000-2023



# Hlutfall sameiginlegra birtinga með atvinnulífi



# Hlutfall birtinga HÍ í samstarfi við önnur lönd (2000-2023)
# USA, Svíþjóð, UK, Danmörk, Þýskaland



## Hlutfall birtinga HÍ í samstarfi við önnur lönd (2000-2023, frh.) Noregur, Holland, Finnland, Frakkland, Ítalía



# Hlutfallsleg fjölgun greina í Scopus (2014=100)

HÍ



# Normaður áhrifastuðull, vigtaður eftir fræðasviðum („field weighted")





# 7. Frá fræðasviðunum

# Frá Félagsvísindasviði

- Vinnustofur FVS um notkun gervigreindar í starfi kennara og í stoðþjónustu
- Endurnýjun samnings um samnorrænt meistaranám í öldrunarfræðum (NordMaG) á lokastigi
- Nýtt 60 ein. Ddiplómanám: Farsæld barna, áföll og samþætt þjónusta
- Hátíð í tilefni af 20 ára kennslu í fötlunarfræði við HÍ
- Árlegt þing félagsráðgjafa í samstarfi við Félagsráðgjafafélag Íslands 21. feb.
- Opið málþing 9. jan.: „Er Grænland til sölu?“
- Málstofa 15. jan.: „Er dánaraðstoð mannréttindi?“
- Fyrirlestraröð Þjóðarspegilsins um „Ofbeldi á Íslandi“
- 28. feb.: „Opinber fjármál, verðbólga og ríkisfjármálareglur“
- Ráðstefnan „Viðskipti og vísindi“ haldin í þriðja sinn 17.-21. mars

# Frá Heilbrigðisvísindasviði

- Heilsan okkar – opnir fundir HVS og Landspítala
  - Mánaðarlegir upplýsingafundir fyrir almenning um brýn heilsutengd málefni
  - „Er aukin kjöt- og próteinneysla leið að bættri heilsu?“ 31. jan. í Veröld
  - „Uppgjör við COVID-19 – 5 ár frá upphafi heimsfaraldurs“ 28. feb. í Hátíðasal
- Miðstöð í öldrunarfræðum
  - Nýr forstöðumaður tekin til starfa: Margrét Guðnadóttir, lektor við Hjúkrunar- ljósmóðurfræðideild
- Tólf verkefni á HVS fá styrk úr Rannsóknasjóði
  - Öndvegisstyrkur: Margrét Helga Ögmundsdóttir, prófessor: Hlutverk ATG7 í efnaskiptum briskrabbameina
- Nýsköpunarverðlaun Forseta Íslands
  - Valdimar Sveinsson, læknanemi: Lífupplýsingafræðileg greining á kælisvari frumna
- Styrkjabúðir – námskeið HVS í undirbúningi styrkumsókna
  - Fræðsla, þjálfun og endurgjöf í þróun styrkumsókna
  - Hefst 14. febrúar; 48 þátttakendur skráðir

# Frá Hugvísindasviði

- Tilnefningar til viðurkenningar Hagþenkis: *Strá fyrir straumi. Ævi Sigríðar Pálsdóttur 1809-1871* eftir Erlu Huldu Halldórsdóttur, prófessor í sagnfræði; *Ástand Íslands um 1700. Lífshættir í bændasamfélagi* í ritstjórn Guðmundar Jónssonar, prófessors í sagnfræði; *Fingraför spekinnar. Kaflar úr sögu íslenskrar heimspeki á miðöldum* eftir Gunnar Harðarson, prófessor emeritus í heimspeki; *Nú blakta rauðir fánar. Saga kommúnista- og sósíalistahreyfingarinnar á Íslandi 1918-1968* eftir Skafta Ingimarsson, nýdoktor við Sagnfræðistofnun
- Minningarsjóður Erlendar Jónssonar og Mörtu Ágústsdóttur í íslensku, bókmenntum og ritlist við HÍ hefur verið stofnaður undir hatti Styrktarsjóða HÍ
- Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista (MSHL) er samstarf 15 stofnana um innviðakjarna í hugvísindum og listum. Stafræn hugvísindi (e. digital humanities) er ört vaxandi rannsóknasvið á mörkum hugvísinda og upplýsingatækni
- MSHL réð tvo verkefnisstjóra til starfa í janúar. Stöðurnar eru fjármagnaðar af aðildarstofnunum og með styrkjum úr Samstarfi háskóla og Aldarafmælissjóði HÍ
- Í undirbúningi umsókn um aðild Íslands að DARIAH-ERIC, einum af rannsóknainnviðum ESB í hugvísindum, þar sem gert er ráð fyrir að skrifstofa MSHL verði landskrifstofa DARIAH

# Frá Menntavísindasviði

- Gervigreind nýtt í þróun kennaramenntunar. Deildir í leik- og grunnskólakennaranámi rýna í hæfniviðmið námsleiða og bera saman við viðmið stjórnvalda um grunnhæfni kennara. Unnið í samvinnu við sérfræðinga á VON
- Frá og með hausti verður í boði 30 ECTS kjörsvið í táknmálsfræðum í leikskóla- og grunnskólakennaranámi. Um er að ræða spennandi samvinnuverkefni við námsbraut í táknmálsfræðum
- Diplómanám í skapandi sjálfbærni hefst í samstarfi við Hallormstaðaskóla haustið 2025. Um er að ræða 60 ECTS nám á grunnstigi og verða að hámarki 40 nemendur teknir inn á heimavist
- Alþjóðleg fyrirlestraröð MVS, Menntakerfi á tímamótum – alþjóðlegar áskoranir og tækifæri, 20. feb. Karen Hammerness flytur erindið „Empowering educators: An international view of teacher education“
- Stefnt er á að flutningur í Sögu hefjist af fullum krafti í maí





# Frá Verkfræði- og náttúruvísindasviði

- Hildur Kristmundsdóttir er nýr forstöðumaður Raunvísindastofnunar
- VoN með fjölmargar kynningar á UTmessunni 7.-8. feb.
- Hönnunarkeppni verkfræðinema haldin í 33. sinn á UTmessu. Tíu lið tóku þátt og var keppnin tekin upp og sýnd á RÚV
- Í jan. kom 30 manna hópur nemenda og kennara frá Kinkaid-skóla í Houston í heimsókn á VoN. Nemendur í undirbúningsnámi fyrir verkfræðinám sem fengu umfangsmikla kynningu
- Jón Emil Guðmundsson, lektor í stjarneðlisfræði við Raunvísindadeild HÍ, hlaut Hvatningarverðlaun Rannsóknasjóðs 2025. Jón Emil hefur unnið við hönnun og smíði nokkurra örbylgjusjónauka, þ. á m. Planck-geimsjónauka Evrópsku geimvísindastofnunarinnar
- Edvarð Júlíus Sólnes, prófessor emeritus í umhverfis- og byggingaverkfræði, var sæmdur fálkaorðunni á nýársdag

# 8. Fram undan





HÍ

- Þríhliða viðræður um háskólasamstæðu halda áfram
- Brautskráning kandídata í Háskólabíói 21. feb.
- Árshátíð 21. feb.
- Viðburður í tilefni af 1.500 rampinum í verkefninu „Römpum upp Ísland“ í Hátíðasal 14. mars
- Flutningur Menntavísindasviðs í Sögu á vormánuðum
- Rektorskjör fram undan

# Rektorskjör

- Sjö frambjóðendur í kjöri til embættis rektors fyrir tímabilið 1.7.2025-30.6.2030
- Kjörskrá birt 25. feb. og kærufrestur er til 11. mars
- Rafrænn kjörfundur stendur frá kl. 9 þriðjudaginn 18. mars til kl. 17 miðvikudaginn 19. mars
- Ef enginn frambjóðandi fær meirihluta atkvæða verður kosið á milli tveggja efstu viku síðar
- Atkvæði starfsfólks vega 70% og atkvæði nemenda 30%
- Almenna reglan er að starfsfólk í 37-74% starfshlutfalli fer með hálft atkvæði og þau sem eru í 75-100% starfshlutfalli fara með heilt atkvæði



HÍ